**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 106106. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 13. júlí 2017 og hófst hann kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**
Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður og Davíð Viðarsson Ritari.

**Fundargerð ritaði:** Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

1. **1707002 - Gilbakki 8 og 12_umsókn um lóðir**

   Frestar afgreiðslu erindis. Samkvæmt nýju aðalskipulagi sem er í vinnslu eru lóðirnar fallnar út. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að skoða eigi að halda inni lóðum númer 10 og 12 til að stuðla að heildræni götumynd. Því erindi er vísað til aðalskipulagsnefndar.

2. **1707006 - Nónhóll_umsókn um 10 fermetra viðbyggingu við austurhlið húss**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

3. **1707001 - Arnarfell_umsókn um leyfi til að færa til eitt smáhýsi innan lóðarinnar skv.meðfylgjandi uppdrætti**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

4. **1707008 - Lýsuhóll_Umsókn um byggingarleyfi f. 2x gestahúsum**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

5. **1707011 - Sandholt26_Umsókn um leyfi til að bæta við gluggum á neðri hæð skv. meðfylgjandi mynd**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. **1707012 - Öxl_umsókn um stöðuleyfi fyrir 2x skúra á meðan beðið er eftir undanþágu frá lögum um fjarlægð frá vegi**

   Samþykkir 6 mánaða stöðuleyfi með fyrirvara um að aðrar heimildir fáist en bendir á að ganga þarf frá deiliskipulagi fyrir svæðið svo frekari uppbygging geti átt sér stað.

MB

MK

7. **1707010 - Brautarholt 16_Umsókn um niðurrif á bílskúr**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um önnur leyfi er þarf til niðurrifs.

8. **1707004 - Hjarðartún 7_umsókn um niðurrif á bílskúr**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um önnur leyfi er þarf til niðurrifs.

9. **1707007 - Öxl_ósk um umsögn frá Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu um undanþágu frá d-lið 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, um lágmarksfjarlægð bygginga frá vegi**

   Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur skilning á landfræðilegum aðstæðum hjá umsækjendum og telur fyrirhugaða staðsetningu húsa í lagi þar sem landhalli er mikill á svæðinu. Bæjarstæðið hefur verið þarna til langstíma en núverandi veglína hefur verið færð nær byggingum og þrengt að byggingarmöguleikum. Því er ekki gerð athugasemd við staðsetningu.

10. **1707005 - Norðurtangi 4_Tæknideild Snæfellsbæjar óskar eftir að gerður verði nýr lóðarleigusamningur fyrir Norðurtanga 4**

    Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að gerður verði nýr lóðarleigusamningur skv. þeim gögnum sem liggja fyrir.

11. **1707003 - Söluvagn á Arnarstapa_erindi frá bæjarráði-umsókn um leyfi fyrir borðum fyrir framan söluvagn**

    Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur aðeins gefið stöðuleyfi fyrir söluvagn og það innifelur ekki leyfi fyrir borðum. Skv. deiliskipulagi fyrir umrætt svæði segir: Á þremur litlum stöðulóðum má koma fyrir söluvögnum ef öll skilyrði til starfsleyfis eru uppfyllt.

12. **1707009 - Harðikambur_umsókn um tímabundið leyfi fyrir færanlegri malbikunarstöð**

    Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**13:30

Illugi Jens Jónasson

Margrét Björk Björnsdóttir

Halldór